

Ed.

550. Nefndarálit

um frv. til laga um skólasetur á Reykhólum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta allengi til meðferðar. Bráðlega eftir að málinu hafði verið vísað til nefndar, sendi hún frv. til fræðslumálastjóra og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og óskaði eftir álit og tillögum. Seint í janúar sendi fræðslumálastjóri n. álit sitt. Leggur hann til, að lítils háttar breytingar verði gerðar á frv. og það svo samþykkt, en bendir jafnframt á, að ekki sé hægt nú að setja varanlega löggjöf um framtíðarstarfsemi á Reykhólum, vegna þess, hversu óákveðin sú starfsemi er enn og því auðsætt, að auka muni þurfa við lögin bráðlega.

Stjórn Búnaðarfél. Ísl. svaraði snemma í febrúar. Getur hún þess, að tilraunaráð í jarðrækt hafi lagt til, að Reykhólar yrðu ákveðnir fyrir tilraunastöð á Vesturlandi. Óskar stjórn Búnaðarfélagssins þess, að afgreiðslu málsins verði frestað, svo búnaðarþingi gefist þess kostur að taka frv. til meðferðar. N. varð við þessum tilmælum Búnaðarfélagssins.

Búnaðarþing hefur nú afgreitt málið frá sér. Heldur það fast við þá hugmynd, að landbúnaðartilraunastöð fyrir Vesturland verði komið á á Reykhólum samhliða skólastarfsemi, og leggur jafnframt til, að stjórnskipuð þriggja manna nefnd, valin á sérstakan hátt, geri nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot Reykhóla.

Landbn. fellst á þá skoðun búnaðarþings -- og hefur haft um það atriði samráð við flutningsmenn þessa frv. —, að heppilegra muni það reynast að búa mál þetta betur undir lagasetningu en orðið er. Vill n. stuðla að því, að samþykkt verði í sameinuðu Alþingi ályktun þar um. Leggur n. til, að frv. þetta verði afgreitt frá deildinni með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að fram verði látinn fara hið bráðasta ýtarlegur undirbúningur að lagasetningu um framtíðar-menningarstarfsemi á Reykhólum og á þann hátt fáist öruggur grundvöllur undir þá starfsemi, leiðir deildin hjá sér frekari afgreiðslu málsins nú og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1943.

Páll Hermannsson,
form., frsm.

Eiríkur Einarsson,
fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson.

Kristinn E. Andrésson.

H. Guðmundsson.